



LANDSSAMTÖK  
SKÓGAREIGENDA

## **103 stjórnarfundur LSE haldinn í Ernustofu hjá Bændasamtökum Íslands mánudaginn 2. nóvember 2015 kl. 11.00**

Mættir vor Jóhann Gísli Jóhannsson, María E. Ingvadóttir, Hraundís Guðmundsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinnsson og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á 102 stjórnarfund LSE og nýjan stjórnarmann velkomna í stjórn LSE og gekk svo til dagskrár.

1. Fundargerð aðalfundar LSE lögð fram: Lagt til að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra verði vistaði inn í sama skjal og fundargerðin og sett inn á heimasíðuna í heild. Einnig er leggur stjórnin til að fundargerðin í heild fari á formenn aðildarfélaganna og þeir hvattir að senda út á félagsmenn sína. Með því er verið að tryggja að félagsmenn hafi betri aðgang að fundargerð aðalfundar LSE.
2. Ný stjórn skiptir með sér verkum: Lagt er til að Hraundís Guðmundsdóttir verði varaformaður og María E. Ingvadóttir gjaldkeri, Sighvatur Jón Þórarinnsson verði ritari og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir verði meðstjórnandi. Samþykkt.
3. Tillögur frá aðalfundi LSE: Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur sem samþykktar voru á aðalfundi LSE og þær sendar á viðeigandi aðila. Tveimur tillögum, tillaga nr. 4 og tillaga sem samin var í sameingarnefnd aðalfundar var vísað til stjórnar. Maríu E. Ingvadóttir var falið að skoða tillögu 4 og skoða lög og reglur um skattalegt tap fyrir næsta stjórnarfund. Tillaga samin í sameiningarnefnd, þar sem fundurinn hvetur stjórn LSE að gæta áfram hagsmuna skógarbænda í samrunaferli SR og LHV og sjá til þess að skógarbændur fái kynningu á þeirri vinnu sem er í gangi. Verið er að vinna að kynningum á skýrslu starfshóps um sameiningu SR og LHV sem fyrst.
4. Viðauki við búnaðarlagasamning staða mála: Verið er að vinna að nýjum Búnaðarlagasamning sem verður rammasamningur um starfsumhverfi. Undir þeim samningi verða gerðir undirsamningur um verkefni sem gæti átt við um t.d. skógrækt. Í rammasamningi verður kveðið á um verkefni sem nýtist landbúnaðinum í heild, þar með talið skógarbændum. Formaður og framkvæmdastjóri LSE fór á fund Bændasamtakanna, þar sem samtökin kynntu sýnar áherslur um áframhaldandi þróun greinarinnar og hvernig hún gæti tengst inn í búnaðarlagasamning. Rætt var um verkefni um nýtingu afurða úr skógum, vöruþróun og markaðssetningu, jólatrjárækt, beitar og iðnaðarskógrækt, kolefnisbindingu og fl. Áfram verður unnið að þessum málum og stefn er á að fá fund með BÍ, ANR og UAR um möguleika LSE um samning vegna verkefna LSE til a.m.k 10 ára.
5. Við skógareigendur. Síðasta blað ritnefndar FsN kemur út í nóvember. Nóg efni er komið í blaðið en stíðlega gengur að safna auglýsingum sem er þó í fullum gangi ennþá. Enn er samið við Héraðsprent sem hefur verið með hagstætt tilboð í prentun. Unnið er að því að fá styrktaraðila til lengri tíma til að tryggja útgáfu á blaðinu.

6. Afurðarstöð á Austurlandi – staða mála: Verkefninu er að ljúka. Verið að vinna að lokaskýrslu vegna markaðsgreiningu. Einnig er verið að vinna tækjagreiningu og að uppfæra viðskiptaáætlun. Stefnt að því að hafa kynningarfund 18 nóvember. Verkefnastjórnin er með fund í vikunni og Jóhanni falið að kanna með aðra dagsetningu sem hentar betur og senda út á stjórn.
7. Sameining Sr og LHV í eina stofnun, áherslur LSE: Stjórn samþykkti dagskrárbreytingu og var samþykkt að klára önnur mál og enda á lið nr. 7. Þegar fulltrúar aðildarfélaganna sem boðuð voru til að ræða þessi mál væru mætt.
8. Önnur mál: Agnes Þórunn spurði hvort hægt væri að fresta aðalfundi LSE til kvölds föstudags því erfitt væri fyrir fólk að komast frá vinnu. Rætt var einnig um hvort breyta eigi aðalfundi í fulltrúaráðsfund sem stæði yfir í einn dag og síðan verði boðað til fræðslufundar fyrir skógarbændur þar sem aðildarfélögin kæmu að með skógargöngu og árhátíð. Málin einungis reifuð, en engar niðurstöður.
9. Sameining SR og LHV: Aðalfundur LSE hvatti stjórn að standa fyrir kynningu í samráði við ráðuneytið um skýrslu starfshóps um sameiningu skógræktar á vegum ríkisins. Stjórnarmenn aðildarfélaganna voru boðaðir á fund með LSE til að ræða áherslur skógareigenda vegna sameingarinnar áður en hópurinn færi á kynningarfundinn í ráðuneytinu. Helstu áherslur skógareigenda eru að skógarbændur eigi sterka rödd inn í stofnuninni sem gæti hagsmuna þeirra. Skógarbændur þurfa að eiga fulltrúa sem kemur að skipulagi skógræktar á lögbýlum og umhirðu, kemur að úthlutun fjármagns sem ráðstafað er af fjárlögum og þegar kemur að ákvörðunum um taxtamál.

Tryggt verði aðgengi að sérfræðingum, starfstöðvar verið í hverjum landshluta og ábyrgð á nytjaskógrækt og úrvinnslu færast yfir á hendur skógarbænda með tímanum. Skógarbændur eru eigendur þess lands sem mesta nytjaskógrækt fer fram á.

Skógarbændur telja mikilvægt að myndaðir verða samráðshópar í hverjum landshluta þar sem verða 3 fulltrúar skógarbænda í hverjum samráðshóp og starfar með skógræktarstjóra að nytjaskógrækt á bújörðum.

Ekki fleira gert og fundi slitið.